

## Þrettándinn með rólegra móti

Jólin voru kvödd þann 6. janúar eins og alltaf, það var þó ekki gert með hefðbundnum hætti frekar en margt annað þessi misserin. Í Snæfellsbæ var eins og annars staðar engin þrettándabrenna eða blysför og ekki gengið í hús og sníkt. Lionsklúbbur Ólafsvíkur stóð þó fyrir flugeldasýningu eins og áður, að þessu sinni var skotið upp frá Bekknum í Enninu og því hægt að njóta sýningarinnar víða. Var sýningin glæsileg og góður rómur gerður að henni, mátti sjá bæjarbúa fyrir utan hús sín til að fylgjast með og að sýningu lokinni tóku einhverjir sig til og sprengdu jólin í burtu.

Þrettándinn í Grundarfirði var einnig með breytt sniði en í staðinn fyrir árlega brennu og flugeldasýningu voru bæjarbúar hvattir til útivistar. Veðurspáin var góð og allir hvattir til að klæða sig vel og kíkja út í kveðjugöngu og skoða jólaljósinn í síðasta skiptið.



Þannig kvöddu bæjarbúar jólin og buðu nýtt ár velkomið með hreyfingu.


*þalsj*



## FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

**Pétur Kristinsson hdl.**  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## Skautað í frostinu



Veðrið er búið að leika við íbúa Snæfellsnes síðustu daga og var helgin engin undantekning. Margir nýttu sér góða veðrið til útivistar sérstaklega þar sem góðviðrisdagarnir hafa verið af skornum skammti undanfarið og fóru bæði í styttri og lengri göngur þó kuldinn biti í. Þessir

ungu drengir nýttu góða veðrið í að fara á skauta á Rífsósnum með foreldrum sínum og nutu dagsins. Þess má geta að þegar fara á að skauta á vötnum er mikilvægt að athuga fyrst hvort ísinn sé traustur sem auðvitað var gert þarna.

*þa*

# Útskriftarhátíð Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Laugardaginn 19. desember brautskráðust 15 nemendur frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga, var þetta 31. brautskráning skólans.

Af félags- og hugvísindabraut brautskráðust sex nemendur, þeir eru: Anel Crnac, Áslaug Stella Steinarsdóttir, Björg Hermannsdóttir, Elísabet Páley Vignisdóttir, Helena Anna Hafþórsdóttir og Viktor Brimir Ásmundsson.

Af náttúru- og raunvísindabraut brautskráðust fjórir nemendur, þeir eru: Eiríkur Már Sævarsson, Elva Björk Jónsdóttir, Thelma Lind Hinriksdóttir og Vignir Steinn Pálsson.

Af opinni braut til stúdentsprófs brautskráðust fimm nemendur, þeir eru: Elizaveta Kiakhidi, Karen Rut Ragnarsdóttir, Lydía Rós Unnsteinsdóttir, Marteinn Gíslason og Tanja Lilja Jónsdóttir.

Hæstu meðaleinkunn á stú-



dentsprófi hlaut Thelma Lind Hinriksdóttir.

Myndina tók Sumarliði Ásgeirsson.

## Snjófjölskylda



Þessa flottu snjókarla rakst ljósmyndari á við aðalgötuna í Grundarfirði rétt fyrir áramótin. Greinilegt var að einhverjir höfðu gripið tækifærið þegar snjóaði loksins og veður leyfði um hátíðirnar og búið til þessa

flottu 5 snjókarla sem má geta sér til að séu úr sömu snjókarlafjölskyldunni. Þeir hafa þó ekki staðið lengur en rétt yfir áramótin en þá fór að hlýna aftur og rigna.

þa



Bifreiðaverkstæði Áegis.  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

## Leikmenn framtíðarinnar æfðu milli hátíða



Það var mikið líf á Ólafsvíkuvelli milli jóla og nýárs þegar knattspyrnuskóli Víkings fór fram á vellinum.

Knattspyrnuskólinn var í boði fyrir 5.-10. bekk og æfðu krakkarnir undir handleiðslu Gunnars Einarssonar, sem nýverið var ráðinn þjálfari meistaraflokks karla. Honum til aðstoðar voru Brynjar Kristmundsson, aðstoðarþjálfari meistaraflokks, ásamt leikmönnum liðsins.

Þátttaka í skólanum þótti

mjög góð en rétt tæplega 40 krakkar sóttu æfingarnar sem þóttu heppnast mjög vel. Auk hefðbundina knattspyrnuæfinga var einnig stuttur fyrirlestur um hugarfar þeirra sem ætla sér að ná langt.

Að námskeiðinu loknu fengu krakkarnir pizzu frá Sölsuskála Ó.K. og voru síðan leystir út með gjöfum frá Jako.

Meðfylgjandi eru myndir frá námskeiðinu.

phh



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

# Grillað í útikennslu

Nemendur í 2. bekk Grunn-skóla Snæfellsbæjar nýttu góða veðrið á mánudaginn og fóru með myndmennta- og textilkennurum sínum út. Farið var í útikennslustofuna. Á meðan að verið var að gera grillið klárt fengu þau það verkefni að finna áhöld úr umhverfinu sem þau gætu teiknað með, síðan skiptu þau sér í þrjá hópa og teiknaði hver hópur dýr sem hann hafði valið sér. Þau grilluðu svo pylsur vafðar með deigi með aðstoð kennara sína.

Það voru glaðir krakkar sem gæddu sér á bestu pylsum í heimi eins og þau orðuð það áður en haldið var til baka í skólann. Fannst þeim ekkert tiltökumál að vera úti þó kalt væri og voru svo að fara aftur út í frímínútur stuttu seinna.

þa



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## Leikfangahappdrætti lionsklúbbanna

Félagar í Lionsklúbb Ólafsvíkur og Lionsklúbb Nesþinga nýttu sér tæknina eins og svomargirhafagert í þeim samkomutakmörkunum sem í gildi hafa verið. En Lionsklúbbarnir hafa í fjölda ára staðið fyrir leikfangahappdrætti. Lionsklúbbur Nesþinga á Þorláksmessu og Lionsklúbbur Ólafsvíkur á aðfangadagsmorgun. Dregið var í báðum þessum happdrættum á netinu að þessu sinni og sérstakt skipulag haft á því hvernig vinningar voru sóttir. Gengu bæði happdrættin mjög vel þó það sé nú ólíkt skemmtilegra að fólki geti komið saman þegar dregið er.

Eins og staðan er þegar þetta

er skrifað á þriðjudagskvöldi er sú að ósóttir vinningar hjá Lionsklúbbi Nesþinga er á númer 76, 512, 614, 692, 693, 737, 881, 1200, 1576 og 1673, vinninga er hægt að vitja í Hraðbúðinni á Hellissandi.

Ósóttir vinningar í happdrætti Lionsklúbbs Ólafsvíkur eru á númer 650, 848, 1121, 1466, 1617, 1627, 1936, 2035 og 2076, þá vinninga er hægt að sækja í Olís.

Rétt er að taka fram að númerin eru birt hér með fyrirvara um innsláttarvillur.

þa

## Víkingar safna liði

Forráðamenn Víkings Ó. eru byrjaðir að safna liði fyrir komandi átök í Lengjudeildinni í knattspyrnu næsta sumar. Skrifað var undir samning við fyrsta nýja leikmann ársins í upphafi árs.



Leikmaðurinn sem um ræðir heitir Bjarni Þór Hafstein og er tvítugur en hann kemur til Víkings frá Breiðablik og gerir tveggja ára samning við Ólsara.

Leikmaðurinn kemur þó ekki til Ólafsvíkur fyrr en um miðjan apríl en hann stundar háskólanám í Flórída í Bandaríkjunum.

Vitor Vieira Thomas hefur skrifað undir nýjan tveggja ára samning við Víking. Vitor, sem verður 22 ára á árinu er öflugur miðjumaður sem kom til Víkings fyrir seinasta tímabil og lék 13 leiki í deild og bikar. Áður hafði hann leikið um 40 leiki fyrir KF.

Í tilkynningu frá Víkingi kemur fram að þeir fagni því að hann hafi ákveðið að framlengja við Víking og vænta mikils af honum í sumar.

Miðjumaðurinn Guðfinnur Þór Leósson er genginn til liðs við Víking en hann gerir tveggja ára samning við félagið.

Guðfinnur, sem verður 22 ára á þessu ári, hefur þratt fyrir ungan aldur spilað 65 meistaraflokksleiki í deild og bikar þar sem hann hefur skorað átta mörk. Síðastliðið sumar lék hann 18 deildarleiki fyrir Kára í 2. deild og þótti standa sig vel. Hann á einnig 3 leiki að baki fyrir yngri landsliði Íslands.

Hjá Víkingi endurnýjar hann kynni sín við Gunnar Einarsson sem þjáfaði hann hjá Kára.

Stefna Víkings er að fá öfluga unga leikmenn sem hafa metnað til að sanna sig á knattspyrnuvællinum og passar

Guðfinnur vel inn í þá hugmyndafræði. Frekari fréttar er að vænta af leikmannamálum félagsins von bráðar.

phh



VÍNBUÐIN ÓLAFSVÍK

LOKAÐ

16. OG 18. JANÚAR

Vínbúðin Ólafsvík verður lokað vegna framkvæmda laugardaginn 16. janúar og mánudaginn 18. janúar.

VÍNBUÐIN GRUNDARFIRÐI

VERÐUR OPIN AUKALEGA ÞESSA TVO DAGA:

LAUGARDAGUR 16. JANÚAR OPIÐ 11.00 - 14.00

MÁNUDAGUR 18. JANÚAR OPIÐ 14.00 - 18.00

*Athugið, aukaopnun er aðeins þessa tvo daga.*

Við þökkum polinmæðina og hlökkum til að taka á móti ykkur í enn betri Vínbúð.

 VÍNBUÐIN